

14. Frumvarp

til laga um viðauka við lög 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á ópörfum varningi.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Aftan við 1. gr. nefndra laga 8. mars 1920 bætist nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Ennfremur er landsstjórninni heimilt með reglugerð eða reglugerðum að setja ákvæði um peningaviðskifti hjerlendra banka, fjelaga og einstakra manna við útlönd, svo og að gera ákvarðanir um vöruflutninga frá útlöndum með skipum þeim, sem heima eiga í landinu.

Landsstjórnin getur falið 5 manna nefnd þeirri, sem hún þegar hefir skipað eftir lögum 8. mars 1920, að hafa eftirlit og iðlutunarjett um vöruflutninga með innlendum skipum, innflutningi á allskonar varningi og peningaviðskiftum við útlönd samkvæmt reglugerðum þeim, sem settar eru hjer að lútandi.

Til að standast kostnað við framangreindar ráðstafanir, heimilast landsstjórninni að leggja gjald á innfluttar vörur, er nemi $\frac{1}{4}$ af hundraði af fjárhæð hvers vörureiknings, og nær heimild þessi einnig til gjalds þess, sem þegar hefir verið ákveðið í þessu skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það kom þegar í ljós, er lögin frá 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, komu til framkvæmda, að þörf var á frekari lagaákvæðum, sem veittu landsstjórninni heimild til að setja nánari ákvæði um vöru- og peningaviðskifti Íslands við útlönd, enda var þá viðskiftakreppan tekin að gera vart við sig. Það varð og brátt nauðsynlegt að fela sjerstakri nefnd iðlutun um þessi mál, og til þess að standast kostnaðinn við ráðstafanir hjer að lútandi, þótti rjett að hafa heimild til að leggja litilsháttar gjald á innfluttar vörur. Voru því gefin út bráðabirgðalög um þessi efni 15. apríl f. á. samhljóða frumvarpi þessu, sem samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlega 19. júní 1915 hjer með leggjast fyrir þingið.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

viðauka við lög 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gerum kunnugt: Ráðherrann í atvinnu- og samgöngumálum hefir tjáð Oss, að til þess að ákvæði laga 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, komi að tilætluðum notum og til þess að stuðla að jöfnuði á peningagenginu á líkan hátt og farið er að gera í öðrum ríkjum, svo og vegna ónógs skipakosts til flutninga á

nauðsynjavöru til landsins sje óhjákvæmilegt að landsstjórnin hafi heimild til að setja ákvæði um peningaviðskifti Íslands og útlanda og gera ákvarðanir um vöruflutninga frá útlöndum með skipum þeim, sem heima eiga í landinu, þá teljum Vjer brýna nauðsyn til að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlags 19. júní 1915.

Því hjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Aftan við 1. gr. nefndra laga 8. mars 1920 bætist nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Ennfremur er landsstjórninni heimilt með reglugerð eða reglugerðum að setja ákvæði um peningaviðskifti hjerlendra banka, fjelaga og einstakra manna við útlönd, svo og að gera ákvarðanir um vöruflutninga frá útlöndum með skipum þeim, sem heima eiga í landinu.

Landsstjórnin getur falið 5 manna nefnd þeirri, sem hún þegar hefir skipað eftir lögum 8. mars 1920, að hafa eftirlit og ihlutunarrjett um vöruflutninga með innlendum skipum, innflutningi á allskonar varningi og peningaviðskiftum við útlönd samkvæmt reglugerðum þeim, sem settar eru hjer að lútandi.

Til að standast kostnað við framangreindar ráðstafanir heimilast landsstjórninni að leggja gjald á innfluttar vörur, er nemi $\frac{1}{4}$ af hundraði af fjárhæð hvers vörureiknings, og nær heimild þessi einnig til gjalds þess, sem þegar hefir verið ákveðið í þessu skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 15. april 1920.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

Pjetur Jónsson.